



---

**Myndlistarskólinn í Reykjavík**  
**Vinnustaðagreining**  
Maí 2021

Fyrsti hlutinn af samantektinni snýr að flokkum spurninga í könnuninni. Þeir eru annars vegar bornir saman og hins vegar skoðaðir hver fyrir sig.

Flokkarnir eru eftirfarandi:

- Aðstæður á vinnustað
- Samstarf
- Verkefni
- Viðhorf til skólans og starfsins
- Skipulag/ferlar
- Stjórnun
- Stefna
- **Streita/preyta/burnout**
- **Áreitni/einelti**
- **Almenn vandamál**


Í útreikningum er annars vegar sýnd tíðni – þ.e. hversu hátt hlutfall merkti við hvaða svarmöguleika, og hins vegar meðaltal til að auðvelda samanburð. Þetta er gert með því að gefa svarmöguleikum gildi:

Mjög sammála = 5; Frekar sammála = 4; Hvorki sammála né ósammála = 3; Frekar ósammála = 2; MJög ósammála = 1

Með þessu er hægt að bera spurningar og flokka saman. Reglan er að því hærri sem einkunnin (meðaltalið) er, því betri útkoma er úr hverjum flokki eða spurningu.

**Neðstu þrjú flokkarnir eru „neikvæðir“ – þ.e. lægri einkunn er betri. Þeim er snúið við þegar þeir eru bornir saman við aðra flokka til að gera þá samanburðarhæfa.**


# Samanburður á spurningaflokkum – allir flokkar bornir saman



Meðaleinkunnir fyrir spurningar innan hvers flokks eru reiknaðar og flokkarnir svo bornir saman eftir þeim. Því hærra meðaltal, því betri útkoma úr viðkomandi flokki. Lægstu flokkarnir eru skipulag/ferlar, þreyta/streyta/kulnun, almenn vandamál, aðstæður og verkefni. Þar er líklegra að starfsmenn telji eitthvað vera að en í öðrum flokkum.

Samstarf, stefna, viðhorf, stjórnun og áreitni/einelti eru hærri og mjög svipaðir. Starfsmenn telja ekki vera mikið um vandamál þar. Athygli vekur að lítil sem engin áreitni eða einelti virðist viðgangast innan skólans.

## Aðstæður á vinnustað – meðaltöl spurninga



Stærsta vandamál í aðstæðum á vinnustað er truflanir. Einkunnin er lág eða undir þremur sem jafngildir miðju á skalanum. Meðaltalið er því „neikvæðni megin“ við miðju. Truflanir á vinnustöðum er algengt umkvörtunarefni í opnum vinnurýmum. Einnig þarf að skoða úrlausnir tæknilegra vandamála, sem fellur að hluta undir skipulag. Að öðru leyti er þetta meira og minna í lagi.




Mjög ósammála Frekar ósammála Hvorki/né Frekar sammála Mjög sammála Veit ekki/á ekki við

	%	%	%	%	%	%
Vinnuaðstaða mín er í góðu lagi.		14,3	21,4	42,9	14,3	7,1
Mín starfsstöð er í umhverfi sem mér líður vel í.		7,1		64,3	21,4	7,1
Tæknileg vandamál sem koma upp eru leyst fljótt og vel.		28,6	21,4	50		
Ég er laus við truflanir í vinnunni sem gætu komið niður á frammistöðu minni.	21,4	42,9	7,1	14,3	7,1	7,1
Ég hef allt sem ég þarf til að vinna mína vinnu.		7,1	14,3	42,9	28,6	7,1

Talsverður meirihluti svarenda (64,3%) er ósammála fullyrðingunni um þeir séu lausir við truflanir sem geta komið niður á frammistöðu. Þetta er nokkuð afgerandi niðurstaða.

# Samstarf – meðaltöl spurninga




Einkunnir á spurningum um samstarf eru háar og lítil vandamál sjáanleg. Lægsta spurningin snýr að skjótum og skýrum svörum frá yfirmanni.

Mjög ósammála Frekar ósammála Hvorki/né Frekar sammála Mjög sammála Veit ekki/á ekki við

	%	%	%	%	%	%
Ég fæ aðstoð við verkefni frá vinnufélögum ef ég þarf á að halda.		7,1	14,3	42,9	35,7	
Starfsmenn hjálpa hverjum öðrum þegar þarf, hvort sem það tengist verkefnum eða ekki.		7,1		50	42,9	
Ef ég er í vafa um hvað skuli gera fæ ég skjót og skýr svör frá yfirmanni.		21,4		42,9	28,6	7,1
Samstarf mitt við þá sem ég vinn með er gott.			14,3	57,1	28,6	
Samstarf milli starfsmanna í skólanum er almennt gott.		7,7	15,4	53,8	23,1	
Almenn samheldni er á vinnustaðnum.		7,1	14,3	50	28,6	

Langflestir eru mjög eða frekar sammála þessum fullyrðingum og enginn mjög ósammála neinni. Það eina sem sker sig úr eru einhverjir starfsmenn sem telja sig ekki fá skýr svör frá yfirmanni um hvað gera skuli.

# Verkefni – meðaltöl spurninga



Spurningarnar um verkefni skiptast gróft á litið þannig að þær sem snúa að gæðum fá háar einkunnir en þær sem snúa að skipulagi fá lægri einkunnir. Starfsmenn eru ánægðir með útkomu verkefna en ekki eins hvernig þau eru skipulögð eða útdælt.




Mjög ósammála Frekar ósammála Hvorki/né Frekar sammála Mjög sammála Veit ekki/á ekki við

	%	%	%	%	%	%
Afrakstur vinnunnar hjá starfsmönnum skólans er almennt af háum gæðum.			7,1	50	28,6	14,3
Nemendur eru að fá bestu kennslu sem möguleg er miðað við umfang námsins.			7,1	42,9	35,7	14,3
Afköst starfsmanna eru eins og best verður á kosið.			30,8	38,5	15,4	15,4
Afköst mín eru eins og best verður á kosið.		7,1	21,4	50	21,4	
Skipulag verkefna og/eða útdeling þeirra er skilvirk.	14,3	28,6	14,3	14,3	7,1	21,4
Allir starfsmenn eru virkir í vinnunni.			28,6	50	7,1	14,3
Allir starfsmenn hafa þá hæfni sem starfið krefst.		21,4	28,6	35,7	7,1	7,1
Mistök sem verða eru almennt ekki endurtekin.		21,4	42,9	14,3	7,1	14,3
Öll verkefni sem eru unnin hafa skýran tilgang.		14,3	28,6	35,7	7,1	14,3
Rétt starfsfólk er að vinna rétt verkefni.		7,1	42,9	28,6	14,3	7,1
Starfsfólk er hvatt til að leita nýrra leiða við að leysa verkefni.		28,6	28,6	7,1	14,3	21,4
Alltaf er skýrt til hvers er ætlast af mér í vinnunni.		35,7	14,3	28,6	21,4	

Skipulag verkefna og útdeling þeirra sker sig nokkuð úr. Allnokkrir starfsmenn tekja skipulagi verkefna vera ábótavant.

# Viðhorf til skólans og starfsins – meðaltöl spurninga




Almennt er góð útkoma á spurningum um viðhorf til skólans og starfsins. Þó er áberandi að neðstu tvær spurningarnar snúa báðar að svipuðu máli – þ.e. áhrifum starfsmanna á starfið og aðkomu stjórnenda sem snýr að því. Þetta bendir til að hluti starfsmanna telji stjórnendur ekki hafa áhuga á skoðunum þeirra sem snúa að starfinu. Næstu tvær spurningar eru um starfsánægju og starfsanda. Þær spurningar hefðu mátt vera hærri. Þær benda til að einhver óánægja sé farin að gera vart við sig en að hún sé ekki farin að hafa alvarlegar afleiðingar enn sem komið er miðað við hversu háar sumar aðrar spurningar eru í þessum flokki.

Mjög ósammála Frekar ósammála Hvorki/né Frekar sammála Mjög sammála Veit ekki/á ekki við

	%	%	%	%	%	%
Ég er almennt ánægð(ur) í starfi.	7,1		21,4	50	21,4	
Viðhorf mitt til skólans er almennt jákvætt.			7,1	50	42,9	
Það er almennt góður starfsandi í skólanum.		14,3	7,1	64,3	14,3	
Skólinn er vinnustaður sem gefur mér meira en hann tekur frá mér.		7,1	28,6	35,7	28,6	
Skólinn er samfélag sem ég er þátttakandi í.			7,1	42,9	42,9	7,1
Mér finnst gaman að mæta í vinnuna.			21,4	35,7	35,7	7,1
Starfið nýtir getu mína og hæfileika.			14,3	50	35,7	
Ég hef áhrif á það hvernig starf mitt er unnið.		7,7		38,5	53,8	
Starf mitt skilar einhverju og hefur tilgang.				42,9	57,1	
Það er hlustað á mig - ég er hvött/hvattur til að tjá mig um hvað er að eða má bæta.		14,3	28,6	35,7	14,3	7,1
Starfsfólk hefur almennt áhrif á ákvarðanatöku í skólanum.	7,1	14,3	35,7	21,4	14,3	7,1
Skólinn kemur almennt vel fram við starfsfólk.			7,1	42,9	42,9	7,1
Ég lít á sjálfa(n) mig sem tryggan starfsmann skólans.				14,3	85,7	
Skólinn sýnir mér sömu tryggð og ég sýni skólanum.		7,1	7,1	28,6	57,1	
Ég myndi mæla með skólanum sem vinnustað.		7,1	21,4	35,7	28,6	7,1

Almennt er ágæt útkoma úr þessum flokki en athygli verkur að nokkrar spurningar eru með lágt hlutfall sem er mjög sammála – þ.e. þær rauðmerktu. „Ég myndi mæla með skólanum sem vinnustað“ er mikilvæg spurning og það hefði verið betra að hafa fleiri sammála henni.

# Skipulag/ferlar – meðaltöl spurninga




Þetta er lægsti flokkurinn í könnuninni og hér eru allar spurningar nema tvær undir þremur í einkunn. Gæðakerfið fær lægstu einkunnina en almennt fá verkferlar, verkaskipting og skipulag verkefna ekki háar einkunnir.



	Mjög ósammála	Frekar ósammála	Hvorki/né	Frekar sammála	Mjög sammála	Veit ekki/á ekki við
	%	%	%	%	%	%
Gæðakerfi skólans er gagnlegt og bætir mitt starf.	21,4	14,3	28,6			35,7
Starfsmannaviðtöl eru gagnleg og skila einhverju.	21,4	7,1	28,6	28,6	14,3	
Skipulag verkefna er almennt gott.	14,3	21,4	35,7	21,4		7,1
Verkaskipting milli starfsmanna er almennt skýr.	7,1	28,6	28,6	14,3	7,1	14,3
Verkferlar eru skýrir, þ.e. starfsfólk veit nákvæmlega hvaða verkefni á að vinna og hvernig.	28,6	21,4	28,6	14,3		7,1
Verkefni ganga vel fyrir sig án þess að rekast á verkefni sem aðrir starfsmenn eru að vinna.	7,1	14,3	64,3	14,3		
Hægt er að klára vrk án þess að rekast á vandamál á miðri leið, t.d. e-ð sem vantar til að hægt sé að klára það.	14,3	14,3	42,9	14,3		14,3
Aðgangur að stoðþjónustu innan skólans er góður og hnökralaus.	7,1	28,6	21,4	35,7		7,1
Aðgangur að tækjum, efnum og öðru sem vinnan krefst er góður og hnökralaus.	7,1	14,3	28,6	42,9		7,1

Áhugavert er að nánast engar spurningar fá „mjög sammála“ svör. Óánægja með skipulag verkefna og verkferla virðist vera nokkuð afgerandi, í það minnsta miðað við flesta aðra flokka í könnuninni.

# Stjórnun – meðaltöl spurninga




Stjórnun fær almennt háar einkunnir; flestar spurningar eru yfir 4 í meðaltali. Neðstu spurningarnar snúa að vilja stjórnenda til að taka á málun – bæði sem tengjast skipulagi og starfsmönnum. Líklegt er að stjórnendur þyki vera full „passívir“ þegar kemur að þessum málum.

Mjög ósammála Frekar ósammála Hvorki/né Frekar sammála Mjög sammála Veit ekki/á ekki við

	%	%	%	%	%	%
Stjórnendur skólans taka á vandamálum sem koma upp meðal starfsmanna.	14,3	21,4	21,4	28,6	14,3	
Stjórnendur skólans taka á vandamálum sem tengjast skipulagi.	14,3	28,6	35,7	14,3	7,1	
Stjórnendur skólans taka á vandamálum sem tengjast nemendum skólans.		14,3	21,4	42,9	21,4	
Stjórnendur skólans eru aðgengilegir og þægilegt að nálgast þá með vandamál.			15,4	38,5	38,5	7,7
Stjórnendum er umhugað um heilsu og velferð starfsfólks.			7,1	21,4	64,3	7,1
Skólastjóri er starfi sínu vaxin.	21,4	14,3	21,4	42,9		
Ég treysti skólastjóra.	21,4	7,1	14,3	57,1		
Deildarstjórar eru starfi sínu vaxnir.			7,1	21,4	71,4	
Ég treysti deildarstjórum skólans.			7,1	28,6	64,3	
Stjórn skólans er starfi sínu vaxin.	7,1	35,7	21,4	28,6	7,1	
Ég treysti stjórn skólans.			21,4	42,9	28,6	7,1

Enginn er mjög ósammála neinni af þessum fullyrðingum og einugis fimm spurningar fá „frekar ósammála“ svör. Þrjár spurningar eru með mjög hátt hlutfall „mjög sammála“ – en þær snúa að deildarstjórum og að stjórnendum sé umhugað um heilsu og velferð starfsfólks.

## Stefna – meðaltöl spurninga



Þessar spurningar eru almennt háar. Einna helst finnst starfsmönnum vanta upp á skýra stefnu um hvert skólinn er að fara á næstu árum. Annað er í góðu lagi.






	Mjög ósammála	Frekar ósammála	Hvorki/né	Frekar sammála	Mjög sammála	Veit ekki/á ekki við
	%	%	%	%	%	%
Ég er vel upplýst(ur) um hvað er að gerast í skólanum.		7,1		71,4	21,4	
Skólinn hefur skýra stefnu, þ.e. ég veit hvert hann er að fara á næstu árum.	14,3	14,3	21,4	21,4	21,4	7,1
Skólinn stefnir í rétta átt.			28,6	28,6	35,7	7,1
Skólinn hefur jákvæða ímynd í samfélaginu.				21,4	78,6	
Námsframboð fyrir nemendur er viðeigandi og fullnægjandi.			14,3	57,1	21,4	7,1

Fyrir utan að hluta starfsmanna finnst vanta skýrari stefnu um hvert skólinn stefnir á næstu árum, þá er áhugaverðast hér viðhorfið til ímyndar skólans í samfélaginu.

# Streita/preyta/burnout – meðaltöl spurninga



Allmargar spurningar hér eru nokkuð lágur. Talsvert er um að starfsmenn séu pirraðir og þreyttir en flestar aðrar spurningar eru ágætlega háar. Það sem vekur mesta athygli er lægsta spurningin, þ.e. að vera truflaður í vinnunni með ónauðsynlegum verkefnum.


Athugið að hér hefur skalanum verið snúið við þannig að hærri einkunn þýðir betri niðurstaða.

Mjög ósammála Frekar ósammála Hvorki/né Frekar sammála Mjög sammála Veit ekki/á ekki við

	%	%	%	%	%	%
Það er of mikið álag á mér í vinnunni.	7,1	14,3	14,3	35,7	21,4	7,1
Ég er oft þreytt(ur) í vinnunni.		28,6	42,9	14,3	7,1	7,1
Þegar ég kem heim úr vinnunni finnst mér ég stundum vera alveg búin(n) á því.	14,3	7,1	28,6	21,4	28,6	
Ég er stundum pirruð/aður í vinnunni út af einhverju sem betur mætti fara.		28,6	21,4	42,9	7,1	
Ég er stundum pirruð/aður út af áreiti og truflunum í vinnunni.	7,1	21,4	7,1	28,6	28,6	7,1
Ég er stundum trufluð/aður við vinnuna út af ónauðsynlegum verkefnum.		14,3	14,3	42,9	21,4	7,1
Starf mitt er meira stressandi en það þyrfti að vera.	7,1	14,3	42,9	21,4	14,3	
Tíminn líður stundum mjög hægt þegar ég er í vinnunni.	71,4	21,4	7,1			
Álag í vinnunni hefur áhrif á líf mitt utan vinnustaðarins.	7,1	28,6	21,4	21,4	21,4	
Mig langar stundum ekki til að fara í vinnuna.	42,9	28,6	21,4		7,1	
Mér finnst vinnustaðurinn vera staðnaður.	14,3	28,6	28,6	14,3		14,3
Mér finnst ég vera stöðnuð/staðnaður.	21,4	42,9	14,3	7,1	7,1	7,1
Ég hef á undanförmum vikum eða mánuðum hugleitt að skipta um vinnustað.	35,7	7,1	21,4	14,3	21,4	

64,3% starfsmanna er sammála því að þeir séu stundum truflaðir við vinnuna út af ónauðsynlegum verkefnum. Þetta er ansi hátt og þarf að skoða. Á jákvæðari nótum þá eru langflestir ósammála því að þá langi stundum ekki til að fara í vinnuna. Það eru góðar niðurstöður því að þessi spurning er ágætur mælikvarði á kulnun og almennan pírting.

# Áreitni/einelti – meðaltöl spurninga



Einelti og áreitni virðist ekki vera stórt vandamál á vinnustaðnum.


Athugið að hér hefur skalanum verið snúið við þannig að hærri einkunn þýðir betri niðurstaða.



	Mjög ósammála	Frekar ósammála	Hvorki/né	Frekar sammála	Mjög sammála	Veit ekki/á ekki við
	%	%	%	%	%	%
Ég hef nýlega orðið vitni að einelti á vinnustaðnum.	35,7	14,3	14,3	14,3	21,4	21,4
Ég hef nýlega orðið vitni að kynferðislegri áreitni á vinnustaðnum.	85,7				14,3	14,3
Ég hef nýlega orðið vitni af óþarflega klúrri og/eða ósmekklegru umræðu eða athugasemdum á vinnustaðnum.	85,7				14,3	14,3
Ég hef nýlega orðið vitni að stríðni á vinnustaðnum sem er nærri því að fara yfir mörkin.	78,6			7,1	14,3	14,3

Flestir eru ósammála um að þeir hafi orðið vitni að einelti eða öðru slíku á vinnustaðnum. Þó eru 2-3 starfsmenn sem eru frekar sammála um að hafa orðið varir við eitthvað – þ.e. einelti og stríðni.

# Almenn vandamál – meðaltöl spurninga



Lægsta spurningin hér er misskipting á álagi í vinnunni – sem er spurning sem snýr að skipulagi vinnunnar. Einnig virðast starfsmenn taka vandamál annarra starfsmanna inn á sig. Aðrar spurningar í lægri kantinum snúa líka að skipulagi vinnunnar eins og sú neðsta.

Athugið að hér hefur skalanum verið snúið við þannig að hærri einkunn þýðir betri niðurstaða.



Mjög ósammála Frekar ósammála Hvorki/né Frekar sammála Mjög sammála Veit ekki/á ekki við

	%	%	%	%	%	%
Árekstrar milli starfsmanna eru algengir á vinnustaðnum.	28,6	14,3	28,6	7,1	7,1	14,3
Álagi í vinnunni er misskipt milli starfsmanna.	14,3	7,1	21,4	35,7	14,3	7,1
Ég á stundum erfitt með að skipuleggja verkefni mín fram í tímann því að ég veit ekki fyrirfram hvað ég þarf að gera.	15,4	23,1	23,1	15,4	15,4	7,7
Tvíværnaður er vandamál - þ.e. stundum eru fleiri en einn starfsm. að vinna sama verkefni án þess að vita af því.	21,4	7,1	21,4	14,3	14,3	21,4
Sumir starfsmenn eru uppteknir af verkefnum sem virðast ekki þjóna neinum tilgangi.	21,4	21,4	28,6	7,1		21,4
Skólinn í heild er upptekinn af verkefnum sem virðast ekki þjóna neinum tilgangi.	28,6	21,4	21,4			28,6
Mér eru stundum falin verkefni sem ég get ekki leyst út af takmarkandi þáttum, t.d. skorti á tíma eða stuðningi.	14,3	28,6	35,7	14,3	7,1	
Stjórnendur mismuna starfsmönnum eða taka einn starfsmann fram fyrir annan.	35,7	14,3	14,3	7,1		28,6
Vandamál annarra starfsmanna hafa neikvæð áhrif á mig.	7,1	28,6	14,3	42,9	7,1	
Vandamál nemenda hafa neikvæð áhrif á mig.	14,3	28,6	21,4	14,3	14,3	7,1

Þessi flokkur er samsafn af hinu og þessu neikvæðu sem gæti átt við vinnustaðinn. Það áhugaverðasta hér er hversu margir eru sammála því að álagi sé misskipt milli starfsmanna og að vandamál annarra starfsmanna hafi áhrif á þá.

# Helstu ályktanir



# Neðstu 20 spurningar



- Ef 20 neðstu spurningarnar eru skoðaðar, þá má að mestu skipta þeim í tvennt. Annars vegar eru spurningar um skipulag vinnunnar og hins vegar eru þreyta, þirringur og stress.
- Óánægja starfsmanna virðist ekki hafa aðrar stórvægilegar afleiðingar eða hafa áhrif á viðhorf þeirra til skólans aðmennt, vinnunnar eða stjórnenda.
- Orsakirnar eru sértækar enn sem komið er og óánægjan afmörkuð, ekki almenn – enn sem komið er.

Nr	Flokkur og spurning	Meðaltal
39	Skipulag/ferlar - Gæðakerfi skólans er gagnlegt og bætir mitt starf.	2,11
69	Streita/þreyta/burnout - Ég er stundum trufluð/aður við vinnuna út af ónaúðsynlegum verkefnum.	2,23
43	Skipulag/ferlar - Verkerlar eru skýrir, þ.e. starfsfólk veit nákvæmlega hvaða verkefni á að vinna og hvernig.	2,31
4	Aðstæður á vinnustað - Ég er laus við truflanir í vinnunni sem gætu komið niður á frammistöðu minni.	2,38
64	Streita/þreyta/burnout - Það er of mikið álag á mér í vinnunni.	2,46
68	Streita/þreyta/burnout - Ég er stundum þirruð/aður út af áreiti og truflunum í vinnunni.	2,46
66	Streita/þreyta/burnout - Þegar ég kem heim úr vinnunni finnst mér ég stundum vera alveg búin(n) á því.	2,57
16	Verkefni - Skipulag verkefna og/eða útteiling þeirra er skilvirk.	2,64
45	Skipulag/ferlar - Hægt er að klára verkefni án þess að rekast á vandamál á miðri leið, t.d. eitthvað sem vantar til að hægt sé að klára það.	2,67
41	Skipulag/ferlar - Skipulag verkefna er almennt gott.	2,69
82	Almenn vandamál - Álagi í vinnunni er misskipt milli starfsmanna.	2,69
67	Streita/þreyta/burnout - Ég er stundum þirruð/aður í vinnunni út af einhverju sem betur mætti fara.	2,71
70	Streita/þreyta/burnout - Starf mitt er meira stressandi en það þyrfti að vera.	2,79
72	Streita/þreyta/burnout - Álag í vinnunni hefur áhrif á líf mitt utan vinnustaðarins.	2,79
42	Skipulag/ferlar - Verkaskipting milli starfsmanna er almennt skýr.	2,83
44	Skipulag/ferlar - Verkefni ganga vel fyrir sig án þess að rekast á verkefni sem aðrir starfsmenn eru að vinna.	2,86
89	Almenn vandamál - Vandamál annarra starfsmanna hafa neikvæð áhrif á mig.	2,86
46	Skipulag/ferlar - Aðgangur að stoðþjónustu innan skólans er góður og hnökralaus.	2,92
65	Streita/þreyta/burnout - Ég er oft þreytt(ur) í vinnunni.	3,00
40	Skipulag/ferlar - Starfsmannaviðtöl eru gagnleg og skila einhverju.	3,07
83	Almenn vandamál - Ég á stundum erfitt með að skipuleggja verkefni mín fram í tímann því að ég veit ekki fyrirfram hvað ég þarf að gera.	3,08

 Skipulag

 Þreyta, álag, þirringur

- Þegar efstu 20 spurningarnar eru skoðaðar sést að þær snúa flestar að almennum viðhorfum til starfsins, skólans og stjórnenda.
- Óánægja vegna skipulags hefur ekki smitað út frá sér. Vandamálið er tiltölulega einangrað og virðist ekki vera komið á alvarlegt stig.
- Starfsmenn njóta enn starfsins og vinnunnar, og eru stoltir af skólanum og því verki sem þeir vinna.

Nr	Flokkur og spurning	Meðaltal
78	Áreitni/einelti - Ég hef nýlega orðið vitni að kynferðislegri áreitni á vinnustaðnum.	5,00
79	Áreitni/einelti - Ég hef nýlega orðið vitni af óþarflega klúrri og/eða ósmekklegru umræðu eða athugasemdum á vinnustaðnum.	5,00
36	Viðhorf til skólans og starfsins - Ég lít á sjálfa(n) mig sem tryggja starfsmann skólans.	4,86
62	Stefna - Skólinn hefur jákvæða ímynd í samfélaginu.	4,79
80	Áreitni/einelti - Ég hef nýlega orðið vitni að stríðni á vinnustaðnum sem er nærri því að fara yfir mörkin.	4,75
55	Stjórnun - Deildarstjórar eru starfi sínu vaxnir.	4,64
71	Streita/preyta/burnout - Tíminn líður stundum mjög hægt þegar ég er í vinnunni.	4,64
52	Stjórnun - Stjórnendum er umhugað um heilsu og velferð starfsfólks.	4,62
32	Viðhorf til skólans og starfsins - Starf mitt skilar einhverju og hefur tilgang.	4,57
56	Stjórnun - Ég treysti deildarstjórum skólans.	4,57
28	Viðhorf til skólans og starfsins - Skólinn er samfélag sem ég er þátttakandi í.	4,38
31	Viðhorf til skólans og starfsins - Ég hef áhrif á það hvernig starf mitt er unnið.	4,38
35	Viðhorf til skólans og starfsins - Skólinn kemur almennt vel fram við starfsfólk.	4,38
25	Viðhorf til skólans og starfsins - Viðhorf mitt til skólans er almennt jákvætt.	4,36
37	Viðhorf til skólans og starfsins - Skólinn sýnir mér sömu tryggð og ég sýni skólanum.	4,36
50	Stjórnun - Stjórnendur skólans taka á vandamálum sem tengjast nemendum skólans.	4,36
13	Verkefni - Nemendur eru að fá bestu kennslu sem möguleg er miðað við umfang námsins.	4,33
7	Samstarf - Starfsmenn hjálpa hverjum öðrum þegar þarf, hvort sem það tengist verkefnum eða ekki.	4,29
12	Verkefni - Afrakstur vinnunnar hjá starfsmönnum skólans er almennt af háum gæðum.	4,25
51	Stjórnun - Stjórnendur skólans eru aðgengilegir og þægilegt að nálgast þá með vandamál.	4,25

 Almenn jákvæð viðhorf til skólans og starfsins

 Hægt er að nálgast stjórnendur með vandamál, nema vandamál sem tengjast skipulagi

## Helstu niðurstöður úr könnuninni eru eftirfarandi:

- Lægstu spurningarnar snúa að skipulagi vinnunnar, álagi, þreytu og truflunum í vinnunni.
- Sumir starfsmenn kvarta yfir óljósri verkaskiptingu og öðrum skipulagslegum atriðum.
- Mjög líklega er tenging milli álags sem starfsfólk upplifir og skipulagsmála. Skipulag versnar gjarnan sjálfkrafa við aukið álag.
- Núverandi húsnæði er vandamál sem hefur mögulega aukist í Covid (truflandi fjarfundir og annað slíkt). Húsnæðið er mjög líklega stór þáttur í að trufla vinnuna og þar með í auknu álagi.
- Sumum starfsmönnum finnst stjórnendur (og stjórn) ekki hafa tekið á þessum vandamálum þó að viðhorf til stjórnenda sé annars jákvætt.
- Ef marka má athugasemdir virðist álagið hafa aukist undanfarin 2 ár eða svo en það er ekki alveg ljóst af hverju.
- Hugsanlega tengist aukið álag öðru en auknum verkefnum, svo sem Covid eða öðru utanaðkomandi.
- Vandamálin sem koma fram virðast vera einangruð, þau hafa ekki áhrif á almenn viðhorf til starfsins eða skólans, sem eru jákvæð.
- Álag og skipulag virðist ekki hafa haft mikil áhrif á starfsanda sem virðist vera ágætur og ekki eru vandamál sem tengjast einelti eða áreitni.
- Samskipti milli starfsmanna eru að mestu leyti í lagi en einhver minniháttar núningur virðist vera ef marka má opin svör. Erfitt er að sjá nákvæmlega í hverju hann er fólgin. Starfsmenn voru varfærni í svörum.
- Í heildina er staðan ágæt. MÍR þykir góður vinnustaður og starfsfólk er stolt af starfi sínu og sannfært um mikilvægi þess.
- Vandamál sem komu fram eru einangruð og hafa ekki haft alvarleg áhrif enn sem komið er.